

Fagráð í hrossarækt

107. fundur

Staður og stund: Teamsfundur, mánudaginn 19. desember 2022. Kl. 11.00

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Sveinn Ragnarsson, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir, Gunnar Kristinn Eiríksson, Mette Mannseth. Erlendur Árnason, Guðni Halldórsson og Elsa Albertsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Stofnverndarsjóður
3. Samantekt frá vinnustofu á ráðstefnu fagráðs í hrossarækt 2022
4. Söfnun DNA sýna
5. Sýningaráætlun 2023
 - o Erindi vegna Fjórðungsmóts 2023 á Austurlandi
6. Önnur mál.

1. Fundarsetning

Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólki velkomið.

2. Stofnverndarsjóður

Staða stofnverndarsjóðs

Staða Stofnverndarsjóðs er sú að til úthlutunar er 6.500.000 milljónir fyrir þær umsóknir sem bárust sjóðnum. Varðandi eldri samþykktir sem ekki hafa verið greiddar þá er þegar búið að gera ráð fyrir þeim í bókhaldi sjóðsins svo greiðsla á þeim mun ekki skerða núverandi umsóknir sem hljóta samþykkt.

Rætt var um verklag um meðhöndlun umsókna. Aðilar í fagráði geta tengst umsóknum og það er skýrt að umfjöllun og afgreiðsla umsókna eru tveir aðskildir þættir. Umfjöllun er varðar þekkingu og skilning á efninu er eitt en afgreiðsla er annað. Sveinn Ragnarsson og Elsa Albertsdóttir munu ekki taka afstöðu til umsókna sem tengjast þeim og víkja af fundi á meðan afgreiðslu stendur.

Rætt var um hver er eðlileg framvinda á verkefnum og hvenær skuli fyrna samþykktar umsóknir. Það þarf að koma umsóknarferlinu í fastara form, bæði varðandi

umsóknareyðublöð sem eru stöðluð þannig að liggi ljóst fyrir markmið, vörður og framsetningu á niðurstöðu verkefna.

Ekki verður tekið við fleiri umsóknum áður en verkferli og römmun umsókna er tilbúin.

Ógreiddar eldri samþykktir

Útgáfa bókarinnar um starfsævi Þorkels Bjarnarsonar hefur færst yfir á hendi fjölskyldunnar. Fagráð í hrossarækt tók afstöðu um greiðslu þegar samþykktar umsóknar, 1.000.000 kr.

Sótt var um 2018 og 2019 rannsókn varðandi greiningu á helti íslenskra hrossa, sótt hefur verið um greiðslu fyrri hlutar styrks núna og svo verði afgangur styrks greiddur í lok verkefnis sem er áætlað í lok sumars 2023. Fagráð samþykkir að greiða fyrri hlutar styrks upp á 1.000.000 kr.

Þær umsóknir sem bárust sjóðnum í nóvember og desember eru eftirfarandi:

- a. Tíðni insúlínviðnáms/insúlínröskun í handahófskenndu úrtaki Íslenska hestins á Íslandi, þar sem mér finnst vanta fræðslu og þekkingu hér á landi um EMS (equine metabolic syndrome) í íslenska hestinum á Íslandi. – Súsanna Katarína Sand Guðmundsdóttir

Sótt um: 1.700.000

Hafnað

Fagráð telur að verkefnið sé afar áhugavert en markmið verkefnisins sé ekki nógu hnitmiðuð, úrtakshópurinn sé of víðtækur þannig að efasemdir eru um hvort verkefnið muni skila nýtilegum niðurstöðum. Taka þarf betur tillit til umhverfisþátta og fyrri þekkingu. Að svo sögðu beinir Fagráð til umsækjanda að sækja um aftur.

- b. Tauganet fyrir hlutlægt mat á reiðhestskostum Íslenska hestsins - Alendis

Sótt um: 8.000.000

Hafnað

Afar áhugavert verkefni sem gætu skilað verðmætum upplýsingum. Umfang verkefnisins gríðarlega mikið og fagráð sér ekki fært að styðja verkefnið að svo stöddu. Það þyrfti að skýra betur aðra fjármögnun verkefnisins þannig að fagráð geti tekið aðra afstöðu til umsóknarinnar.

- c. Samanburður á ónæmissvari folalda og fullorðinna hrossa í kjölfar bólusetningar gegn Sumarexemi – Sigríður Jónsdóttir

Sótt um: 1.000.000

Samþykkt: 1.000.000

Afar mikilvægt verkefni og miklir hagsmunir fólgnir í því að finna lausn á sumarexemi og vandamálum tengdum því.

- d. Forrannsókn á erfðamörkum og hormónum sem tengjast velferð og lærdómsgetu reiðhesta – Hólar/Elisabeth Janssen

Sótt um: 1.950.000
Samþykkt: 1.950.000

Afar áhugavert verkefni sem vonandi mun sýna fram á umrædd tengsl. Mikilvægt er að úrtakshópurinn sé vel ígrundaður.

- e. Innleiðing á kynbótamati keppniseiginleika

Sótt um: 2.500.000
Samþykkt: 2.500.000

3. Samantekt vinnustofu á ráðstefnu fagráðs í hrossarækt 2022

Á ráðstefnu Fagráðs í hrossarækt 20. nóvember var haldin vinnustofa þar sem fundargestir skiptu sér upp í hópa og ræddu fyrirbyggjandi spurningar varðandi framtíð aðkomu kynbótahrossa á landsmótum. Áður en vinnustofan hófst hélt Þorvaldur Kristjánsson stutta yfirferð um Landsmót fyrir og nú sem inngang að vinnustofunni.

Fyrirlagðar spurningar voru eftirfarandi:

- Hver er tilgangur með þátttöku kynbótahrossa í landsmótum.
- Hvernig kynnum við ræktunarstarfið best.
- Hvernig á aðkoma kynbótahrossa að landsmótum vera.
- Hver er kostur þess að dæma hross á landsmótum að öllu leiti eða hluta / blönduð leið.

Vinnustofan tókst vel og sköpuðust góðar og líflegar umræður í hópunum, samantekt hópana má sjá í viðhengi fundargerðar. Vinnustofan var ágæt byrjun á þarfri umræðu en henni þarf að fylgja með fundarferð um landið þar sem mismunandi sviðsmyndum framtíðarlandsmóta og aðkomu kynbótahrossa að henni.

4. Söfnun DNA sýna

Elsa fór yfir vinnu sem er að fara í gang varðandi átak í söfnun DNA sýna. Staðan er sú í dag að DNA sýni þarf að liggja fyrir úr hrossum sem sýnd eru á kynbótasýningum, varðandi stóðhesta þarf DNA greining að sanna ætterni en ekki er gerð sú krafa til hryssna eða geldinga. Varðandi kynbótamatsútreikninga er það er afar mikilvægt að ætterni sé rétt skráð. Nú liggur fyrir tillaga sem tekin verður fyrir á ráðstefnu FEIF í febrúar næstkomandi og lýtur að því að hross fædd 2023 hafi sannað ætterni, þ.e. þau sem koma fram á opinberum vettvangi. Þegar kynbótamat mun

byggja á bæði gögnum frá kynbótasýningum og keppni mun þessi regla eiga við þau hross sem koma þar fram. Fagráð styður þessa tillögu.

Ávinningur þess að auka sýnatöku er margþættari en það sem snýr að sönnun ætternis. Það er vonandi stutt í það að farið verði að vinna að úrvali sem ekki er einungis byggt á svipfarsgögnum, eins og kynbótadóma heldur einnig erfðagögnum. En slíkt úrval leiðir til aukinna erfðaframa, öruggara úrvals og styttri ættliðabils. Grundvöllur að slíku úrvali er að DNA sýni liggi fyrir. Það þarf að vinna að því að fá samþykki hrossaeiganda til að nota sýnin til frekari rannsókna og þar vakna spurningar um eignarhald sýna sem þarf að koma á hreint. Annar vinkill slíks úrvals er að það þarf að fá samþykki rannsóknarhópa sem finna nothæf erfðamörk, að hægt sé að greina þau án kostnaðar sem skapast getur af einkaleyfum, á þetta sérstaklega við þau erfðamörk sem finnast í rannsóknum sem studd hafa verið af opinberu fé og stofnverndarsjóð

5. Sýningaráætlun 2023

Elsa fór yfir sýningaráætlun fyrir árið 2023 sem samþykkt var af Fagráði

29. maí - 1. júní	Hella I
5. - 9. júní	Hella II
5. - 9. júní	Fákur
12. - 16. júní	Hella III
12. - 16. júní	Sprettur
12. - 16. júní	Hólar
19. - 23. júní	Hella IV
19. - 23. júní	Selfoss
19.- 23. júní	Hólar
<hr/>	
6.-9. júlí (?)	FM á Austurlandi
17. - 21. júlí	Miðsumar Hella I
17. - 21. júlí	Miðsumar Hólar
24. - 28. júlí	Miðsumar Hella II
<hr/>	
14. - 18. ágúst	Síðsumar Selfoss
21. - 25. ágúst	Síðsumar Hólar
21. - 25. ágúst	Síðsumar Hella

Þá var fjallað um erindi sem barst fagráði vegna Fjórðungsmóts 2023 á Austurlandi. Stefnt er að því að kynbótasýningin verði hefðbundin þ.e. fullnaðardómar og engar takmarkanir, hvorki fjölda né einkunna, inn á mótið. Öllum er frjálst að skrá á þessa kynbótasýningu. Fagráð tók vel í erindi sem hlýtur efnislega samþykkt þess.

6. Önnur mál

Mörk heiðursverðlaunahryssna var lítillega rædd og ljóst að það þarf að endurskoða þau þegar jafnvægi verður náð í útreikningi kynbótamatsins, en sökum nýlegrar þróunar hefur niðurstaða kynbótamatsins verið lítillega flöktandi. Komið var inn á að söknuður væri í því að ekki er lengur birt afkvæmafrávik.

Ekki voru önnur mál tekin fyrir.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 16:00

Við pennann: Elsa Albertsdóttir